

Ed.

762. Nefndarálit

[208. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, l. nr. 78 29. des. 1967 og l. nr. 48 12. maí 1970, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Efri deild Alþingis var sent þetta frumvarp til afgreiðslu í gær, og hefur fjárhagsnefnd því haft tæpan sólarhring til athugunar þess.

Að vísu var haldinn einn fundur fjárhagsnefnda beggja deilda til að athuga frumvarpið í þeirri mynd, sem það upphaflega var fram lagt, en gegn því kom, þá þegar fram svo hörð andstaða, einmitt frá þeim, sem því var þó helzt ætlað að liðsinna, að flestir töldu, að frumvarpið yrði dregið til baka og höfundar þess sendir heim til að læra betur.

Afskipti fjárhagsnefndar efri deildar urðu aldrei nema þessi eini fundur, þar til í morgun, að boðað var til annars fundar og þá raunar um allt annað frumvarp, þar sem neðri deild var, þegar hér kom sögu, búin að umsemja frumvarpið að verulegu leyti.

Undirritaður minni hluti lýsir eindregnum mótmælum gegn slíkum vinnubrögðum og telur, að með þeim sé verið að gera þingræðið að skrípaleik.

Þar við bætist, að frumvarpið fjallar aðeins um örfáa útskækla skattamálanna, sem rifnir eru úr því nauðsynlega samhengi, sem er alger forsenda þess, að unnt sé að gera sér grein fyrir áhrifum af lögfestingu frumvarpsákvæðanna.

Í hinni breyttu mynd er inntak frumvarpsins það tvennt, að annars vegar er skattlagningarreglum á fyrirtæki nokkuð breytt frá ákvæðum gildandi laga, hins vegar skal arður af hlutabréfum verða skattfrjáls eftir vissum reglum.

Engar upplýsingar liggja fyrir um það, hver skattalækkun fyrirtækja yrði eftir hinum breyttu reglum, né um það, hvernig fyrirhugað er að bæta ríkissjóði tekjutapið, eða hvort áformað er að spara ríkisútgjöld sem þessu svarar.

Enginn veit heldur nú, hver verða aðstöðugjöld, útsvör eða þá fasteignaskattar fyrirtækja né hvernig annarri innheimtu opinberra gjalda verður fyrir komið. Þessi atriði og fleiri skipta máli, þegar skattamál fyrirtækja eru skoðuð. Upplýsingar um þau liggja þó ekki fyrir.

Það er skoðun okkar, sem undir þetta nál. ritum, að skattalöggjöfina eigi að endurskoða í heild nú þegar. Sú endurskoðun þarf að ná til allra álaga, sem atvinnufyrirtæki eða einstaklingar greiða til ríkis, sveitarfélaga, almannatrygginga og annarra opinberra aðila. Þessi endurskoðun verður enn erfiðari, ef einstakir þættir skattalaga verða teknir út úr og afgreiddir sérstaklega.

Því leggjum við til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Efri deild Alþingis telur nauðsynlegt, að fram fari hið allra fyrsta heildar-endurskoðun á öllum lögboðnum álögum, hvort heldur þau renna til ríkisins, sveitarfélaga, stofnana eða sjóða, og álitur því óeðlilegt, að einstakir, takmarkaðir þættir skattamálanna, eins og tekju- og eignarskattur fyrirtækja, séu teknir til afgreiðslu fyrr en þeirri endurskoðun er lokið, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 1. apríl 1971.

Einar Ágústsson,
frsm.

Björn Jónsson.

Steingrímur Hermannsson.